

Nr. 22-101-S-062 SeaRanger**Bát hvolfir, þrír fara fyrir borð.**

Skipaskr.nr.
 Smíðaður: SeaRanger
 Mesta lengd: 4.2m
 Breidd: 2.3 m Dýpt:
 Vél: Yamaha Base Jet 110 hp
 Fjöldi skipverja 1
 Fjöldi farþega 2

**Fjöldi****Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. maí 2023 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 12. nóvember 2022 var verið að prufukeyra slöngubát í Víkurfjöru. Veður NA 8-10 m/s.

Verið var að kynna bátinn fyrir fólki sem voru meðlimir í björgunarsveit. Tveir fóru um borð í bátinn ásamt stjórnanda en þrír fylgdust með í fjörunni. Eftir stutta siglingu hvolfdi bátnum og allir þrír bátsverjarnir féllu útbyrðis en komust af sjálfsdáðum í land.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- SeaRanger er slöngubátur með „jet“ mótör. Báturinn er harðbotna og situr í miðjunni. Segja má að báturinn sé sambland af sæpotu og slöngubáti.
- Bátar af þessari gerð hafa ekki verið notaðir hér á landi svo vitað sé.
- Þegar óhappið átti sér stað sýndi ölduspá 2-3 metra öldur fyrir utan með 9 sekúndna millibili (sjá mynd 1).



Mynd 1 ölduspá 12.11.2022

- Við rannsókn á myndbandsupptökum af óhappinu sást að fólkið hafði einungis verið á siglingu í eina mínútu og 10 sekúndur þegar bátnum hvolfdi.
- Rannsókn leiddi í ljós að ekki var um formlega æfingu að ræða heldur var sölumaður bátsins að kynna hann fyrir björgunarsveitarfólki.
- Ekki var hugað að því að hafa búnað tiltækan færi eitthvað úrskeiðis.
- Björgunarsveitarmenn voru í sjóbjörgunarbúningum en í ljós kom að búningar þeirra sem lentu í sjónum láku.
- Björgunarsveitarmaður lenti undir bátnum þegar honum hvolfdi og fékk högg á höfuðið og öxlina.
- Eftir fyrirgrennslan erlendis, þar sem bátar af þessari tegund eru notaðir, kom í ljós að mikillar þjálfunar er krafist við stjórnun þeirra.

Nefndarálit:

Ástæða þess að bátnum hvolfdi var vanmat á aðstæðum auk þess sem stjórnun slíkra báta krefst talsverðrar þjálfunar.